



151. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 21. ágúst kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu
2. Siðareglur kjörinnar fulltrúa Þingeyjarsveitar
3. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022
4. Fjárhagsstaða – 6 mánaða staða

1. Frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu

Tengir hf. var fengið til þess að vinna frumathugun á ljósleiðaravæðingu í sveitarfélaginu. Fyrir fundinum liggur minnisblaði frá Gunnari B. Þórhallssyni f.h. Tengis hf. um framkvæmd og kostnað.

Sveitarstjórn óskar eftir frekari gögnum og upplýsingum um málið og í framhaldinu fund með Gunnari.

2. Siðareglur kjörinna fulltrúa Þingeyjarsveitar

Siðareglur kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit teknar til umræðu en samkvæmt 9. gr. siðareglanna þá skulu þær teknar til umræðu í sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils og endurskoðaðar ef þörf þykir.

Sveitarstjórn samþykkir núgildandi siðareglur samhljóða.

Ragnar Bjarnason lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég tel ákaflega mikilvægt að til séu siðareglur fyrir kjörna fulltrúa Þingeyjarsveitar og ekki síður að kjörnir fulltrúar hafi þær að leiðarljósi í störfum sínum. Hins vegar er það skoðun

mín að slíkar reglur tapi að nokkru leyti mikilvægi sínu þegar ekki eru skýr viðurlög við broti á þeim og það ætti að samþykkja slíkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.“

3. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sveitarfélagsins og samkvæmt 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið.

Sveitarstjórn samþykkir nágildandi aðalskipulag.

4. Fjárhagsstaða – 6 mánaða staða

Farið yfir fjárhagsstöðu sveitarfélagsins fyrstu sex mánuði ársins. Aðalbókari mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðunni ásamt sveitarstjóra.

Fjárhagsstaðan er í megindráttum samkvæmt áætlun. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með það og vinnslu og framsetningu gagna.

Lagt fram til kynningar:

- a) Ályktanir 9. fundar sveitarstjórnarvettvangs EFTA um loftlags- og orkumál og málefni norðurslóða
- b) Vettvangsferð verkefnastjórnar rammaáætlunar
- c) Fundur og kynnisferð um Sprengisand

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:33

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason